

REGLUR

um öræfaflug og flug yfir sjó.

1. gr.

Almennt.

Reglur þessar gilda fyrir öll einshreyfils íslensk loftför. Með „öræfi“ er í reglum þessum átti við þann hluta Íslands, sem liggur fjær byggðu bóli en 25 km., miðað við loftlínu.

2. gr.

Útbúnaður í Öræfaflugi.

- Óheimilt er að fljúga yfir öræfi án þess að hafa eftirfarandi útbúnað í loftfarinu:
- a. Skjólgóðan klæðnað og matföng, sem dugi til útivistar í einn sólarhring fyrir flugstjóra og farþega.
 - b. Talstöð og útbúnað til þess að skjóta neyðarblysum.
 - c. Skrá yfir merki til leitarflugvéla frá nauðstöddum.
 - d. Góðan hand-áttavita, eldfæri og hnif.
 - e. Kort af fyrirhugaðri flugleið og svæði út frá henni í a. m. k. 100 km. í báðar áttir. Kortið sé í mælikvarða 1:250000.

3. gr.

Flug yfir sjó eða vatni.

Flugi einshreyfils loftfara yfir sjó eða vatni skal hagað þannig, að hægt sé í renniflugi að ná til neyðarlendingarstaðar á landi, skyldi hreyfill stöðvast. Í slíku flugi skulu björgunarbelti höfð meðferðis fyrir flugstjóra og farþega, ef fjarlægð frá landi verður 5 km. eða meira.

4. gr.

Sjúkraflug.

Sjúkraflug og annað neyðarflug skal undanþegið reglum þessum.

5. gr.

Brot gegn reglum þessum varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Mál út af brotum á reglum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 89. gr. sbr. 163. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1967.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.